

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginna brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 38, 13. janúar 1999, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna.

1. gr.

Allar togveiðar á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Heimilt er ráðherra að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til kolmunnaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og norðan 65°00'N við Austurland og innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°00,00 N - 11°42,00 V
2. 64°32,50 N - 12°08,00 V
3. 64°03,50 N - 13°09,50 V
4. 64°00,00 N - 13°26,00 V
5. 63°55,00 N - 13°44,00 V
6. 63°37,60 N - 14°41,70 V
7. 63°34,70 N - 15°00,00 V
8. 63°30,00 N - 15°29,00 V
9. 63°26,50 N - 15°51,00 V
10. 63°24,00 N - 16°03,00 V
11. 63°18,26 N - 16°59,70 V
12. 63°16,47 N - 16°59,88 V
13. 63°10,91 N - 18°01,64 V
14. 63°12,85 N - 18°26,87 V
15. 63°11,50 N - 18°38,24 V
16. 63°11,40 N - 19°07,25 V
17. 63°05,88 N - 20°30,00 V

3. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, afls og dýpi í hverju tugi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

4. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

5. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til kolmunnaveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til kolmunnaveiða og ákvæðum laga og reglugerða sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til kolmunnaveiða.

6. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 495, 12. ágúst 1998, um togveiðar á kolmunna.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.